



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Lagt fyrir 348. fund velferðarráðs 20. febrúar 2019
VEL2017010033
RÁ/bm

Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Tillaga: Stækkun leigurýmis í þjónustu- og félagsmiðstöð aldraðra við Sléttuveg

Lagt er til að samþykkt verði að Reykjavíkurborg leigi aukið rými til dagdvalar í þjónustu- og félagsmiðstöð aldraðra við Sléttuveg, sem nemur 150 m² til viðbótar við gildandi leigusamning. Heildarstærð hins leigða rýmis verður þá 1.400 m² í stað 1.250 m².

Greinargerð:

Þann 11. maí 2017 var undirritaður leigusamningur milli Reykjavíkurborgar og Sjómannadagsráðs (DAS) um húsnæði að 1.250 m² að stærð í þjónustu- og félagsmiðmiðstöð aldraða við Sléttuveg. Á þeim tíma lá ekki fyrir hvort heimild til reksturs dagdvalar fengist frá ríkinu né reglugerð Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) um viðmið fyrir fermetrafjölda fyrir dagdvalir. Vegna þessara óvissuþátta var í 3. gr. fyrrgreinds leigusamnings kveðið á um heimild til að breyta fjölda leigðra fermetra með samþykki beggja aðila og skyldi það gert með viðauka við samninginn.

Þar sem nú liggur fyrir samþykkt leyfi velferðarráðuneytis fyrir rekstri 30 rýma dagdvalar í nefndri þjónustumiðstöð og reglugerð SÍ um dagdvöl aldraðra nr. 37/2018, þar sem miðað er við að slík dagdvöl þurfi ein og sér aðgang að 900 m² aðstöðu er lagt til að heimilt verði að leigja 150 m² til viðbótar þeim 1.250 m² sem gildandi samningur kveður á um til að uppfylla skilyrði um lágmarks fermetrafjölda.

Viðbótarleigukostnaður, vegna 150 m² miðað við leigugreiðslur sem fram koma í 5. gr undirritaðs leigusamnings, nemur 489.450 kr. á mánuði.

Fylgiskjöl:

Leigusamningur frá 11. maí 2017

Erindi Sjómannadagsráðs um stækkun leigurýmis dags. 17. janúar 2019.

Samantekt Sjómannadagsráðs um samnýtingu eininga dags. 1. janúar 2019.